



Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta og mengunarvarna,
sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum
Starfsleyfisskilyrði fyrir hestaleigur og reiðskóla

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Skilyrði þessi gilda fyrir aðbúnað og aðkomu viðskiptavina og gesta í starfsemi hestaleiga og reiðskóla.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins fyrir rekstur sem tilgreindur er í starfsleyfi.
- 1.3 Húsnæði skal hafa hlotið samþykki byggingarnefndar.
- 1.4 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.5 Aðgangur skal vera að neysluvatni þar sem við á, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn
- 1.6 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum sem eiga við um starfsemina verði fylgt, sem og kröfum í starfsleyfi.
- 1.7 Heilbrigðisfulltrúi getur gert kröfu um innra eftirlit í starfseminni.

2. Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði og athafnasvæði skal vera vel við haldið. Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.
- 2.2 Þar sem við á skal vera gerði með hestagirðingu. Undirlag í gerðum skal vera lagt hentugu efni. Gerði skulu þannig hönnuð að ekki stafi af slysaþætta.
- 2.3 Húsakynni skulu vera hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.4 Aðgangur skal vera að loftræstri ræstiaðstöðu og skolvaski. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
- 2.5 Viðskiptavinir, nemendur og starfsfólk skal eiga greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu. Um fjölda snyrtinga er vísað í fylgiskjal 2 í reglugerð um hollustuhætti. Gólfplötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m² og og 3,3 m² fyrir hreyfihamlaða, loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræstingu.
- 2.6 Viðskiptavinir, nemendur og starfsfólk skulu hafa aðgang að fullnægjandi aðstöðu, t.d. búningsaðstöðu, geymslu yfirhafna, o.s.frv.
- 2.7 Viðskiptavinir og nemendur skulu eiga kost á öryggisbúnaði s.s. hjálmum til útreiða.
- 2.8 Þar sem við á skulu vera hitastýrð blöndunartæki í handlaugum og böðum og skal vatnshiti ekki fara yfir 43°C við töppunarstað. Fyrirtæki sem voru með gilt starfsleyfi 10. janúar 2003 hafa frest til 1. janúar 2006 til að uppfylla kröfu um vatnshita.

3. Hreinlæti og þrif

- 3.1 Húsnæði og öll aðstaða svo og athafnasvæði skulu þrífín daglega eða eftir þörfum sem ræðst af notkun. Alsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun.
- 3.2 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.3 Loftræstikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.
- 3.4 Búnaður sem viðskiptavinum og nemendum stendur til boða skal vera heill og hreinn.
- 3.5 Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar aðgangs og þjónustu.



4. Matvæli

- 4.1 Fara skal að ákvæðum matvælaeignarreglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

5. Sóttvarnir og slysavarnir

- 5.1 Í umgengni við dýr skal gæta varúðar þannig að hvorki hljótist af slyss eða sýkingar.
5.2 Gera skal ráðstafanir til að fyrirbyggja slyss og öryggisáætlun um viðbrögð við slyssum skal vera til. Halda skal skrá yfir slyss og óhöpp sem verða í starfsemi.
5.3 Í reiðskólum og hestaleigum skal fjöldi starfsmanna vera nægjanlegur til að tryggja öryggi knapa að teknu tilliti til aldurs.
5.4 Knapar skulu nota viðurkennda hjálma.
5.5 Reiðtygi og annar búnaður skal yfirfarinn reglulega með tilliti til öryggis knapa.
5.6 Hestar skulu valdir með tilliti til reynslu og aldurs knapa.
5.7 Starfsfólk skal hafa reynslu og þekkingu til að úthluta hestum, velja reiðleið og tryggja öryggi knapa. Fararstjóri og reiðkennarar skulu hafa lokið viðurkenndu skyndihjálparnámskeiði.
5.8 Viðeigandi skyndihjálpar- og fjarskiptabúnaður skal vera með í för samanber öryggisáætlun.

6. Mengunarvarnir og umhverfismál

- 6.1 Aðkoma og athafnasvæði skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
6.2 Leitast skal við að draga úr sorpmýndun og auka endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs.
6.3 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfis eða skaðlegum áhrifum á lífríki. Spilliefni skulu geymd og flutt í þar til gerðum umbúðum til viðurkenndra móttökustöðva. Kvittanir fyrir skilum skulu aðgengilegar eftirlitsaðilum.
6.4 Lyf og hættuleg efni skulu geymd á viðhlítandi hátt þ.e. í læstum hirslum. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.
6.5 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
6.6 Gæta skal þess að starfsemi valdi ekki ónæði s.s. vegna hávaða, ólyktar, óþrifa eða umgengni. Fóðrun hesta skal fara þannig fram að ekki stafi óþrif eða ónæði af fóðurafrögum eða umbúðum.
6.7 Hrossatað skal geyma í þéttri taðþró eða haughúsi. Tað má bera á völlu eða nýta þannig að vatn mengist ekki né að nágrannar verði fyrir óþægindum. Fara skal að ákvæðum reglugerðar um meðhöndlun úrgangs og samþykka viðkomandi sveitarfélags.
6.8 Hræ skal fletja til viðurkenndra móttökustöðva fyrir úrgang eða heygja á þar til leyfðum stöðum.
6.9 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

Starfsleyfisráðin eiga sér stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, lögum nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði, reglugerð nr. 288/1987 um veitinga og gististaði, byggingarreglugerð nr. 441/1998, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyrur, reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, reglugerð nr. 933/1999 um hávaða, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT): 92.62.01 Hestahald